

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2018, miðvikudaginn 7. nóvember kl. 10:07, var haldinn 16. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Aron Leví Beck, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Sonja Wium, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Marta Grettisdóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 2-8 og 13. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir liðum 9-12. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. nóvember 2018.

2. Hverfisskipulag - leiðbeiningar, kynning Mál nr. SN180716

Lagðar fram og kynntar leiðbeiningar um 1. blágrænar ofanvatnslausnir, 2. fjölgun íbúða, 3. byggingarreiti og 4. meðhöndlun úrgangs. Kynnt.

Ævar Harðarson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Þjóðhildarstígur 2-6, breyting á (04.112.2) Mál nr. SN180563
deiliskipulagi
660304-2580 Gullhamrar veitingahús ehf, Þjóðhildarstíg 2-6, 113 Reykjavík
421003-3430 Teikn arkitektabjónusta ehf, Skipholti 25, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Steinars Sigurðssonar dags. 8. ágúst 2018 um breytingu á deiliskipulagi Grafarholts svæði 3G vegna lóðarinnar nr. 2-6 við Þjóðhildarstíg. Í breytingunni felst að lóðarmörkum lóðarinnar er breytt þannig að göngustígur sem liggur að hluta inn á lóð liggi allur á borgarlandi, sú minnkun lóðar sem verður við þá færslu er bætt upp með hliðrum suðurmarka lóðarinnar sem því nemur, sunnan núverandi byggingar er heimiluð aðkoma fyrir þjónustu við efri hæð en bílastæði óheimil og felld er úr gildi kvöð um grasþekju á þaki vörumóttöku á suðurhlið, samkvæmt uppdrætti Teikn arkitektabjónustu ehf. dags. 1. ágúst 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. október 2018.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. október 2018 með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur og fulltrúa Samfylkingarinnar Arons Leví Beck og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins. Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Kjalarnes, Sætún, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180648
070763-3899 Kristinn Gylfi Jónsson, Seilugrandi 11, 107 Reykjavík

Lögð fram umsókn Kristins Gylfa Jónssonar dags. 19. september 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Sætún á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að í stað einnar lóðar fyrir atvinnuhúsnæði verða tvær lóðir, samkvæmt uppdrætti Einars Ingimarssonar arkit. dags. 15. október 2018. Einnig er lagður fram tölvupóstur Kristins Gylfa Jónssonar dags. 2. nóvember 2018 ásamt lagfærðum uppdr. dags. 29. október 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

5. Blikastaðavegur 2-8, breyting á (02.4) Mál nr. SN180750
deiliskipulagi
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 29. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að færa útakurstengingu norðan megin á lóð vestar og bæta við annarri tengingu til útaksturs af bílaplani við norðausturenda hússins inn á Blikastaðaveg, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 26. apríl 2018 br. 29. október 2018.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og samgönguráð leggur fram eftirfarandi bókun.

„Skipulags- og samgönguráð vill benda á skilmála gildandi deiliskipulags fyrir Blikastaðaveg 2-8 frá árinu 2006. Þar segir að vanda skuli til alls frágangs á lóð og lögð er áhersla á gróðursetningu innan lóðar. Þar segir enn fremur að handhafi lóðar skuli sjá um uppbyggingu og rekstur 7 metra breiðs gróðurbeltis utan lóðarmarka við enda jarðvegsfláa, á milli Vesturlandsvegar og lóðar. Gerð er krafa um vandaðan frágang bílastæða og skal hlutfall gróður vera að minnsta kosti 5% af flatarmáli þeirra. Einnig skal koma fyrir trjágróðri við gangstíga milli bílastæða að byggingum til að slá á stærðarhlutfall bílastæða gagnvart umhverfinu.“

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

6. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN180358
Sundahöfn, breyting á aðalskipulagi,
stækkun hafnarsvæðis

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. september 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að stækka hafnarsvæðið (H4) í Sundahöfn með landfyllingum við Klettagarða og Skarfabakka-Kleppsbakka ásamt umhverfisskýrslu VSÓ ráðgjafar dags. 1. september 2018. Drög að tillögu voru kynnt til og með 7. nóvember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu umsagnir: Bláskógabyggð dags. 1. nóvember 2018,0.

Einnig er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 1. nóvember 2018 ásamt umhverfisskýrslu VSÓ ráðgjöf dags. 1. september 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Jafnframt var samþykkt að kynna tillöguna í umhverfis- og heilbrigðisráði.
Vísað til borgarráðs

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Aron Leví Beck og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka: „Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Aron Leví Beck og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson telja mikilvægt að forgangsraða framkvæmdum við landfyllingar. Landfylling við Sundahöfn er mikilvæg vegna þess að þar liggja fyrir áform um uppbyggingu, ólíkt Örfirisey.”

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

7. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 995 frá 30. október 2018.

(C) Fyrirspurnir

8. Vogabyggð svæði 1, (fsp) breyting á (01.45) Mál nr. SN180697
deiliskipulagi
701017-0990 Gelgjutangi ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
020975-5989 Þorsteinn Ingi Garðarsson, Hléskógar 14, 109 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Þorsteins Inga Garðarssonar dags. 5. október 2018 um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 1 sem felst í að heimilað verði að byggja á lóð 1.6 hagkvæmar íbúðir ofan á þegar heimilaða bílageymslu, samkvæmt tillögu Jvantspijker dags 25. september 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2018.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Samgöngumál

9. Breiðhöfði, bann við að leggja Mál nr. US180332

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 1. nóvember 2018 varðandi bann við því að leggja við báða kanta Breiðhöfða norðan Stórhöfða. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

10. Barónsstígur, bann við að leggja Mál nr. US180333

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 2. nóvember 2018 varðandi bann við því að leggja á hluta Barónsstígs vegna aksturs strætó um götuna
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

11. Menntasveigur, bann við að leggja Mál nr. US180334

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs. samgöngur dags. 2. nóvember 2018 varðandi bann við að leggja við Menntasveig.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

12. Aðgerðaráætlun gegn hávaða 2018-2023, Mál nr. US180335
Drög til kynningar

Lögð fram drög að aðgerðaáætlun gegn hávaða á árunum 2018-2023 í samræmi við reglugerð um kortlagningu og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005.
Samþykkt að auglýsa drög að aðgerðaráætlun gegn hávaða og kynna með almennum hætti. Drögin munu verða kynnt inni á vef Reykjavíkurborgar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka:
„Hljóðvist er mikilvæg fyrir íbúa borgarinnar. Hljóðvarnir gagnast á sumum stöðum til að minnka hávaða frá umferðaræðum. Ekki síður mikilvægt er að verja þau svæði sem mest kyrrð er í svo sem Elliðaárdalinn sem er stærsta náttúrlega svæði borgarinnar innan byggðarinnar. Það er því mikilvægt að samhliða því að gerðar eru hljóðvarnir þar sem hávaði er hvað mestur er jafnframt brýnt að varðveita lífsgæði á grænum náttúrulegum svæðum borgarinnar. Því ber að hætta við áform um atvinnustarfssemi í Elliðarárdal og uppbyggingu í Laugardal. Þá væri rétt að skoða meiri notkun á gróðri á hljóðvörnum.”

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Aron Leví Beck og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

„Fulltrúi Pírata, fulltrúar Samfylkingar, fulltrúi Viðreisnar taka undir mikilvægi góðrar hljóðvistar fyrir íbúa borgarinnar. Hávaðamengun í borginni er of mikil. Hún er af mannavöldum og stafar að miklu leyti af mikilli og hraðri bílaumferð. Árangursríkasta leiðin til að draga úr hávaðamengun er að draga úr umferðarhraða og efla vistvænar samgöngur.”
Vísað til borgarráðs.

(D) Ýmis mál

13. Úlfarsbraut 82, málskot (02.698.6) Mál nr. SN180676
080166-4199 Björgvín Jón Bjarnason, Logafold 49, 112 Reykjavík

Lagt fram málskot Björgvins Jóns Bjarnasonar mótt. 26. september 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 25. maí 2018 varðandi bílastæði utan lóðar nr. 82 við Úlfarsbraut.
Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 25. maí 2018 staðfest.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Mál nr. US180273
fólksins, Umferðarmál á Grandasvæðinu.

Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi umferðarmál á Grandasvæðinu.

"Hvað ætlar meirihlutinn í Reykjavík að gera er varðar umferðarmál á Grandasvæðinu í Reykjavík?

Komið hefur fram í síðustu könnun sem framkvæmd var fyrir Faxaflóahafnir og unnin af Árna Steini Viggóssyni að megn og vaxandi óánægja er með umferðaröryggi á svæðinu hjá þeim sem stunda þar atvinnurekstur, gangandi og

hjólandi og akandi vegfarendur og hinum mikla fjölda ferðamanna sem fara um svæðið. Það kemur fram í síðustu könnun að einungis 15 manns eða 11.8% viðmælanda af þeim 127 sem höfðu skoðun á málinu þótti aðstæður vera í lagi. Sýna þessar niðurstöður hversu stór hluti viðmælanda er óánægður með umferðarmálin á umræddu svæði. Mikil slysaþætta er á svæðinu vegna umferðar bifreiða sem bruna í gegnum svæðið þar á meðal olíubílar. Höfnin var einu sinni höfn, nú eru aðstæður allt aðrar. Viðmælendur telja hættulegt að keyra um svæðið. Það er verið að bíða eftir stóra slysinu að mati þeirra sem eiga erindi á svæðið.

Einnig lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 1. nóvember 2018.

Svar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 1. nóvember 2018 lagt fram.

15. Tillaga fulltrúa sósíallistaflokks, Strætó Mál nr. US180338

Lögð fram tillaga fulltrúa Sósíalistaflokks að Reykjavíkurborg fari í að stofna strætó leið sem tengir betur saman norður- og suðurhluta Reykjavíkur í samræmi við vinnu hverfisráða Laugardals, Hlíða og Háaleitis/Bústaða.

Einnig er lögð fram greinargerð.

Vísað til meðferðar hjá Strætó bs.

16. Rangársel 2-8, kæra 131/2018 (04.938.7) Mál nr. SN180767
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 1. nóvember 2018 ásamt kæru dags. 31. október 2018 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa að heimila barnaheimili að Rangárseli 8, neðri hæð.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

17. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Mál nr. US180342
umsýslugjöld umhverfis- og
skipulagssviðs

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks þar sem óskað er upplýsinga um öll umsýslugjöld sem umhverfis- og skipulagssvið hefur fengið greidd vegna verkefna á vegum borgarinnar á tímabilinu 1. Janúar 2014 til 1. nóvember 2018. Óskað er eftir sundurliðun á þessum gjöldum, hverjir greiða þau og hvaða önnur sambærileg gjöld sviðið hefur innheimt á tímabilinu. Gildir þetta eingöngu um verkefni borgarinnar eða eru sviði að innheimta umsýslugjöld vegna annara verkefna? Er rétt að sviðið hafi fengið 16.9 milljónir króna í tekjur vegna braggans við Nauthólsveg?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, fjármáladeild.

18. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Mál nr. US180343
Sjómannaskólareitur

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks þar sem óskað er eftir skýringum vegna þess ósamræmis sem birtist í kynningu Vaxtarhúsa annars vegar og auglýsingu borgarinnar frá 1. júní 2018 hins vegar. Samkvæmt tillögu Vaxtarhúsa lenda aðeins sjö byggingar af 18 innan þess landsvæðis sem skilgreint var sem framkvæmdasvæði. Í auglýsingu Reykjavíkurborgar frá 1. júní sl. eru níu byggingar sem lenda inni í Saltfiskmóanum, þar af fjórar byggingar í stakkstæðinu frá 1920 (en aðeins örfáir mánuðir eru þar til það telst til fornminja samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og nyti þar með friðunar), og tvö hús vestast inni á lóð Háteigskirkju.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

19. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Mál nr. US180344
Vallargrund

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði varðandi að lagfæring verði gerð á veginum við Vallargrund. Holur hafa ítrekað myndast í veginum og hann því gríðarlega hættulegur.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

20. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Mál nr. US180345
salernisaðstaða við Mógilsá

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi að salernisaðstaða verði sett upp við Mógilsá. Eitt fjölfarnasta útivistarsvæði borgarinnar er við Mógilsá, en þar er engin salernisaðstaða utan opnunartíma Esjustofu.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhirðu og reksturs.

21. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Mál nr. US180346
salernisaðstaða við Gufunesbæ,

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks varðandi að salernisaðstaða verði sett upp við Gufunesbæ. Svæðið umhverfis Gufunesbæ er gríðarlega fjölsótt. Ekkert aðgengi er að salernum á svæðinu eftir opnunartíma frístundamiðstöðvarinnar. Einungis þeir hópar sem hafa pantað afnot af svæðinu utan opnunartíma geta fengið aðgang að salernum með því að starfsmaður Gufunesbæjar sé á staðnum og er þá greitt fyrir slíka þjónustu. Leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokks til að komið verði upp aðstöðu sem börn og fullorðnir hafi aðgang að eftir opnunartíma Gufunesbæjar

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhirðu og reksturs.

22. Fyrirspurn frá fulltrúum Mál nr. US180347
Sjálfstæðisflokks, Innviðagjöld

Fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks þar sem óskað er upplýsinga um þau innviðagjöld sem lögð hafa verið á lóðarhafa í Reykjavík frá árinu 2010, þ.e. umsamda þátttöku lóðarhafa í innviðagerð, umfram þá þátttöku sem felst í greiðslu byggingaréttargjalds. Hvaða viðmið eru notuð við útreikning gjaldsins á hverju svæði? Með hvaða hætti felur umsamið innviðagjald í sér kvaðir og önnur skilyrði á lóðarhafa, umfram innheimtu tiltekinna fjárhæða?

Óskað er eftir sundurliðun á þeim fjárhæðum sem innheimtar hafa verið hjá hverjum einstökum lóðarhafa í kjölfar einkaréttarlegra samninga á tímabilinu. Eins er óskað sundurliðunar á öðrum umsömdum fjárhæðum innviðagjalds sem þó hafa ekki enn verið innheimtar. Loks er óskað upplýsingar um hugsanlega yfirstandandi samningsgerð við lóðarhafa um greiðslu innviðagjalds, án þess þó að samningar hafi verið undirritaðir.

Kallað er eftir afritum af öllum einkaréttarlegum samningum sem gerðir hafa verið við lóðarhafa á tímabilinu um innheimtu innviðagjalds. Auk þess er óskað rökstuðnings á því hvernig umhverfis- og skipulagssvið telur innheimtu innviðagjalds samræmast lögum.

Vísað til umsagnar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

23. Fyrirspurn frá fulltrúum Mál nr. US180348
Sjálfstæðisflokks, Örfirisey

Lögð fram fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks varðandi Örfirisey Mikilvægt er að nýta efni úr byggingarframkvæmdum í landfyllingar. Þó verðmætt sé að stækka Sundahöfn, væri enn verðmætara að stækka svæðið við

gömlu höfnina. Landfyllingar við Örfirisey voru áformaðar í skipulagi áður fyrr. Svo virðist vera sem sá valkostur hafi ekki verið metinn í þessari ákvörðun.

Óskað er eftir áformum um landfyllingar í Örfirisey sem verið hafa uppi hjá borginni ásamt kortum. Ennfremur yfirlit breytinga á aðalskipulagi í Örfirisey frá upphafi ásamt kortum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs deildarstjóra Aðalskipulags.

**Fleira gerðist ekki
Fundir slitið kl. 12:40**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson
Hjálmar Sveinsson
Hildur Björnsdóttir

Aron Leví Beck
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2018, þriðjudaginn 6. nóvember kl. 10:45 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 996. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Olga Hrunn Sverrisdóttir, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigríður Maack og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Austurhlíð 10 (01.271.805) 226332 Mál nr. BN055414
580377-0339 Byggingarsamvinnufélagið Samtök, Síðumúla 29, 108 Reykjavík
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja 60 íbúðir í 3 stigahúsum (MHL-1, 2 og 3) á þremur til fimm hæðum ásamt bílakjallara (Mhl-4) á lóð nr. 10 við Austurhlíð.
Stærð:
MHL-01: 2.439,9 ferm., 8.166,35 rúmm.
MHL-02: 2.318,4 ferm., 7.999,4 rúmm.
MHL-03: 2.787,7 ferm., 9.815,1 rúmm.
MHL-04: 2.459,3 ferm., 9.815,1 rúmm.
Samtals: 10.005,3 ferm., 34.015,85 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísad til athugasemda og málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
2. Austurstræti 10A (01.140.406) 100849 Mál nr. BN055273
660411-1350 H.G.G. - Fasteign ehf., Sómatúni 6, 600 Akureyri
Sótt er um leyfi til að breyta notkun 5. hæðar úr íbúð í skrifstofu og lokaða félagsaðstöðu, breyta þar gluggum og svalahurðum ásamt dyragati að glerskála, gera svalir á þaki 4. hæðar norðan megin og opna á ný yfir í nr. 12, í húsi á lóð nr. 10a við Austurstræti.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19.09.2018 við erindi SN180627.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 16.10.2018 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Þinglýsa skal kvöð um opnun yfir lóðarmörk, yfir á lóð nr. 12 við Austurstræti fyrir útgáfu byggingarleyfis.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Austurstræti 12 (01.140.407) 100850 Mál nr. BN055274
711208-0700 Reitir fasteignafélag hf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á 4. hæð og koma þar fyrir fleiri snyrtingum ásamt því að breyta íbúð á 5. hæð í skrifstofu og lokaða félagsaðstöðu, fjarlægja núverandi milliloft þakrým, einangra þak og styrkja burðarvirki þess og opna á ný yfir í nr. 10a í húsi á lóð nr. 12 við Austurstræti.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19.09.2018 við erindi SN180627.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 16.10.2018 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Þinglýsa skal kvöð um opnun yfir lóðarmörk, yfir á lóð nr. 10A við Austurstræti fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

4. Álftamýri 79 (01.283.101) 103702 Mál nr.
BN055400

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á gluggum á norður- og suðurhlið Háaleitisskóla á lóð nr. 79 við Álftamýri.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

5. Ármúli 5 (01.262.002) 103514 Mál nr.
BN055386

421210-0710 B-29 Invest ehf, Ármúla 5, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og stækka núverandi hótél um 27 herbergi, nýja móttöku og matsal.

Stækkun:

Afrit af tölvupósti frá framkvæmdastjóra Prófasts ehf., dags. 19. október 2018.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

6. Ásvegur 11 (01.353.121) 104239 Mál nr.
BN054831

291278-5909 Auður Jóna Erlingsdóttir, Ásvegur 11, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofaná hús, byggja svalir og utanáliggjandi stigahús, skipta húsi í tvær eignir og innréttu geymslur í bílskúr húss á lóð nr. 11 við Ásveg.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2018.

Stækkun: 70,2 ferm., 154,3 rúmm.

Stærð húss eftir stækkun: 210,6 ferm., 447,1 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og vísað til athugasemda.

7. Bauganes 17 (01.672.115) 188229 Mál nr.
BN055375

010360-2779 Sveinhildur Vilhjálmsdóttir, Bauganes 17, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi þvottahúss og geymslu ásamt því að setja skyggni fyrir ofan útihurð í húsi á lóð nr. 17 við Bauganes.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

8. Bíldshöfði 9 (04.062.001) 110629 Mál nr.
BN054410

421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindum BN052079 (heilsugæsla 2.h.), BN052828 (verslun suðurenda) og BN053491(verslun norðurenda) vegna lokaúttekta í húsi á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Bréf arkitekts dags. 21.03.2018 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

9. Borgartún 32 (01.232.001) 102917 Mál nr.
BN055413

711296-5069 Borgartún ehf, Hegranesi 22, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við veitingasal á fyrstu hæð á norðausturhorni og innrétta 8 hótélherbergi í rými 0701 í húsi á lóð nr. 32 við Borgartún.

Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 29. október 2018 fylgir erindi.

Stækkun: 79,7 ferm., 269,4 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. Bólstaðarhlíð 20 (01.274.001) 103628 Mál nr.
BN055309

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir aðflutta timburbyggingu mhl. 04 sem nota á sem kennslustofu og tengigang sem tengist við færanlega kennslustofu á lóð nr. 20 við Bólstaðarhlíð.

Stækkun: 57,0 ferm., 193,2 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

11. Búðagerði 9 (01.814.009) 107921 Mál nr.
BN054558

490516-0340 NLG 1 ehf., Hverfisgötu 58a, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að gera stálsvaflir á rishæð, breyta innra skipulagi í stigahúsi og fá samþykkt áður gerða íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 9 við Búðagerði.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 17. apríl 2018 og samþykki meðeigenda bréf I og II, dags. 25. júní 2018.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. maí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2018.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. nóvember 2018 fylgir erindi. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Búðargerði 5, 7, 8 og 10 frá 27. september 2018 til og með 25. október 2018. Engar athugasemdir bárust.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. Dragháls 28-30/F..... (04.304.301) 111020 Mál nr.
BN054979

460607-1320 SG Fjárfestar ehf., Fosshálsi 27-29, 110 Reykjavík

610291-1639 Kjötsmiðjan ehf, Fosshálsi 27-29, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050847 þannig að innra skipulagi rýma 0101, 0102 og 0105 er breytt og eignum fjölgað úr fimm í sjö í húsi á lóð 27-29 við Fossháls/28-30 Dragháls.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.

13. Fákafen 9 (01.463.401) 105678 Mál nr.
BN055384

510918-1500 108 Matur ehf., Heiðargerði 15, 108 Reykjavík

560312-0590 Dvorzak Island ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi veitingarstaðar í fl. II tegund ? í rými 0102 þannig að eldhús er stækkað á kostnað veitingasalar, komið er fyrir kæli, snyrtingum fjölgað og loftræstistokkur settur á ? hlið í húsi á lóð nr. 9 við Fákafen.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

14. Fiskislóð 31 (01.089.101) 209683 Mál nr.
BN055360

680708-0290 Sjávarbakkinn ehf., Dalapíngi 12, 203 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052435 þannig að innra skipulagi er breytt, tímabundin opnun gerð á milli séreigna 0201 og 0212 og eignum fækkað úr 12 í 6 á 3. hæð í húsi á lóð nr. 31 við Fiskislóð.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

15. Frakkastígur 14A (01.182.123) 101838 Mál nr.
BN054938

550703-2890 Svarti ehf, Nóatúni 17, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II, tegund g, fyrir 14 gesti ásamt leyfi til að setja flóttasvalir og björgunarop á norðurhlið húss á lóð nr. 14A við Frakkastíg. Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 10. ágúst 2018.

Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. ágúst 2018, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2018.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

16. Garðsendi 1 (01.824.402) 108421 Mál nr.
BN055123

060751-7069 Hermann Gunnarsson, Garðsendi 1, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054690 þannig að rýmisnúmer 0004 og 0005 eru sameinuð í eitt rýmisnúmer í húsi á lóð nr. 1 við Garðsenda.

Umboð til hönnuðar dags. 13. maí 2018 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.

17. Grandagarður 16 (01.114.301) 100040 Mál nr.
BN055168

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052397 vegna lokaúttektar þannig að tekið er fram í byggingalýsingu að háfur er með innbyggðu slökkvikerfi yfir eldunaraðstöðu og neyðarútgangur skilgreindur fyrir hjólastóla í húsinu á lóð nr. 16 við Grandagarði.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

18. Grensásvegur 16A (01.295.407) 103854 Mál nr.
BN055402

521115-1060 Grensásvegur 16A ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Sótt er um breytingu á erindi BN053105 þar sem hostel-rýmum er breytt í herbergi gististaðar í flokki ? - teg. a sem verður hér eftir fyrir 160 gesti, stoðrýmum, salarhæðum og útlitum er breytt og einnig starfsemi í eldhúsi í húsi á lóð nr. 16a við Grensásveg.

Breyting á stærðum stækkunar: 1.543,8 ferm., 5.229,6 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. Gylfaflöt 6-8 (02.578.603) 224862 Mál nr.
BN055347

430304-3640 Landslagnir ehf., Lautarvegi 30, 103 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053174 með því að byggja milliloft, breyta innra fyrirkomulagi og koma fyrir bílastæði hreyfihamlaðra við inngang í húsi á lóð nr. 6 við Gylfaflöt.

Stækkun: 141,0 ferm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

20. Haðaland 1-7 (01.864.001) 108809 Mál nr.
BN055134

051057-7169 Sigurður Þ K Þorsteinsson, Brautarland 20, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt einbýlishús og bílskúr í stað eldri húss á lóð nr. 5 við Haðaland.

Stærð, nýbygging íbúðarhús A rými: 235,0 ferm., 1.017,3 rúmm.

Nýbygging B rými: 64,1 ferm.

Stærð, nýbygging bílskúr: 49,0 ferm., 199,8 rúmm.

Stærð, niðurrif íbúðarhús: 190,1 ferm.

Stærð, nýbygging bílskúr: 439,1 ferm.

Meðfylgjandi gögn eru minnisblað Verkís dags. 13.9.2018 ritað í nóvember 2017, Minnisblað Eflu dags. 30.11.2017.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. október 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2018. Erindinu fylgir einnig umsögn SRU dags. 29.10.2018. Nokkrir tp. frá hönnuði hafa verið vistaðir við erindið.

Fylgiskjal 4, nr. í setti 1/1, dags. 30.10.2018, grunnmynd sökkulrýmis, fylgir erindinu.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Hallgerðargata 1 (01.349.302) 225428 Mál nr.
BN055390
411112-0200 Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús, fjórar hæðir og kjallara með 81 íbúð, ungbarnaleikskóla í hluta 1. hæðar og 68 bílastæði í kjallara á lóð nr. 1 við Hallgerðargötu.
Erindi fylgir minnisblað um hljóðvist frá Verkís dags. 22. október 2018 og minnisblað um burðarvirki frá Ferli dags. 24. október 2018.
Stærð, A-rými: 9.623,6 ferm., 34.812,4 rúmm.
B-rými: 580,44 ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Á milli funda.
22. Haukahlíð 5 (01.629.602) 221261 Mál nr.
BN055330
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
